

Alþingi
Erindi nr. P 127/362
komudagur 5.12.2001



Samskiptamiðstöð
heyrnarlausra og heyrnarskertra

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5.12.2001

Hér með eru sendar athugasemdir við frumvarp til laga um hielbrigðisþjónustu, 229 mál, Heyrnar- og talmeinstöð. Athugasemdirnar eru frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

F.h. vinnuhóps,


Valgerður Stefánsdóttir

Frumvarp til laga

Um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu
Nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Breytingar eru **feitlettraðar**:

37.a.2.

1. Að annast þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta, **daufblinda** og þá sem eru með talmein ...
2. Að sjá um heyrnarmælingar, greiningu og meðferð á heyrnarmeinum, talmeinum **og samskiptaröskunum**, ásamt ráðgjöf, þjálfun og endurhæfingu vegna þeirra.
3. engin aths.
4. Að útvega hjálpartæki fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta, **daufblinda** og þá sem eru með talmein og sjá um viðeigandi fræðslu og þjálfun þeirra. Stofnunin skal enn fremur sjá um viðhald og **uppsetningu** hjálpartækjanna.
5. Að stunda rannsóknir og sinna fræðslu á starfsviði sínu. Stofnunin skal safna upplýsingum um alla þá sem eru heyrnarlausir, heyrnarskertir, **daufblindir** eða búa við...

Mikilvægt er að nefna þjónustu við daufblinda vegna þess að daufblinda er sérstök fötlun og ekki er nægilegt að gera ráð fyrir að daufblindir njóti samsettrar þjónustu fyrir blinda annars vegar og heyrnarlausa hins vegar. Þjónusta við þá þarf að vera sérstök þjónusta við daufblinda.

Við viljum að í lögum HTÍ sé gert ráð fyrir að stofnunin hafi samstarf við aðrar stofnanir sem starfa á sama sviði varðandi málefni er snerta starfsemi þeirra. Þannig sé HTÍ t.d. skylt að hafa samtarf við Samskiptamiðstöð um greiningu og þjónustu við einstaklinga með samskiptaraskanir vegna heyrnarleysis, heyrnarskerðingar og daufblindu.

Tryggt verði með einhverjum hætti að fulltrúi úr táknmálssamfélaginu verði í fagraði.